

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

JÚLÍ 2021

7. tbl. 28. árg.



Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Pri-fös: 11-18

Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5

Viðtal við

Karim Askari

einn sendiherra

þjónustumiðstöðvar

Reynum að skapa góðar minningar



Sumarstarf á vegum frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs er komið í sumarfrí en sumarnámskeið hefst að nýju eftir verslunarmannahelgi í frístundaheimilum í Breiðholti og í félagsmiðstöðinni Hellinum sem þjónustar fötluð börn og unglunga.

Í Hellinum hefur sumarstarfið farið einstaklega vel af stað og veðrið sannarlega leikið við okkur. Hellinn sækja eins og fram kom hér að ofan fötluð börn og unglunga og er markmið starfsins að draga úr félagslegri einangrun barna og unglunga og skapa þeim tækifæri til að eiga í samskiptum og leik við aðra á jafningjagrunvelli. Mikið er lagt upp úr því að skapa góðar og eftirminnilegar samverustundir og minningar með krökkunum. Í sumarstarfinu er áhersla er á útivist og og er farið vítt og breytt, bæði innan höfuðborgarsvæðisins en einnig í dagsferðir út fyrir borgina. Þessi mynd er tekin í lautarferð með Miðbergi. Á bls. 12 má sjá nokkrar myndir úr ævintýrum Hellisins í júní og júlí.

 **Brynja**

Við opnum fljótlega
nýja ísbúð í Lóuhólum!

 **Brynja**

**Pitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ  BREIÐHOLTID



OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

7. tbl. 28. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Bær varð að borg

Þess var minnst fyrir skömmu að öld er liðin frá því Rafstöðin í Elliðaárdal var tekin í notkun. Með rafvæðingunni hófs ný öld. Með henni breyttust heimilishættir til hins betra og raforkan opnaði leið til nýrrar og öflugri atvinnustarfsemi en áður þekktist.

Nokkur tími leið frá því fyrstu hugmyndir um raforku komu fram þar til hún varð að veruleika. Landsmenn skorti þekkingu á þessum orkugjafa og efni voru takmörkuð til nauðsynlegra framkvæmda. Þá munu hagsmunir kolakaupmanna hafa tengst fyrstu umræðum um rafvæðingu.

Einnig var deilt um hvernig vatninu yrði best varið til að knýja orkuframleiðsluna. Til eru hugmyndir um að veita Elliðaánum yfir í Rauðavatn og þaðan í Grafarvog þar sem hægt væri að byggja hagkvæma virkjun. Sá flutningur varð ekki að veruleika enda væri Elliðaárdalurinn svipur hjá sjón án ána.

Tilkoma rafstöðvarinnar eru önnur af merkustu tímamótum í sögu Reykjavíkur. Hin eru bygging Reykjavíkurhafnar sem átti sér stað um svipað leyti. Með rafvæðingunni hófs hin raunverulega iðnbylting í borginni. Með höfninni varð til nýr tími í nýtingu auðlinda hafsins.

Hvort um sig lagði grunn að breyttum atvinnuháttum. Hvort um sig átti sinn þátt í að vinna á eynd og fátækt. Hvort um sig færði byggðina í vikinna nær nútíma. Engar tvær framkvæmdir hafa haft jafn mikil áhrif á þróun Reykjavíkur og rafveitan og höfnin. Þar liggur upphaf þeirra breytinga sem gerðu bæ að borg.

www.breidholt.is



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Eins og sjá má er bæði hátt til lofts og vítt til veggja í hinu nýja íþróttamannvirki.

Stórum áfanga en náð í byggingu nýs íþróttamannvirkis ÍR við Skógarsel. Allar stálsperur eru nú komnar á sinn stað og því var tilefni til að halda reisugilli í húsinu 23. júní sl. Viðstaddir voru fulltrúar frá aðalstjórn ÍR ásamt byggingaraðilum og fulltrúum frá Reykjavíkurborg. Uppsteypa er langt komin og hafin er vinna við ytra, og innra byrði hússins. Framkvæmdir hafa gengið vel hingað til og er allt enn samkvæmt áætlun. Áætluð verklok eru næsta vor 2022.

Framkvæmdir á ÍR-svæðinu hafa staðið yfir í nokkur ár. Þegar Suður-Mjódd var deiliskipulögð í heild sinni var áfntasvæði ÍR afmarkað sérstaklega og jafnframt gengið frá fyrirkomulagi svæðisins í heild sinni er tekur til stíga, gróðurs, bílastæða og

mannvirkja sem gert er ráð fyrir að rísi á næstu árum. Verkefnið hófst með undirritun samnings Reykjavíkurborgar og ÍR um uppbyggingu og rekstur íþróttamannvirkja í Breiðholti þann 30. janúar 2017. Þegar hefur þjónustuhús risið við frjálsíþróttavöllinn. Reykjavíkurborg hefur reist knattús sem ÍR mun reka samkvæmt sérstökum rekstrarsamning. Þá má nefna íþróttahús með löglegum handknattleiks- og körfuboltavelli fyrir æfingar og keppnir á vegum ÍR ásamt viðbyggingum vegna búningsklefa og bættrar félagsaðstöðu fyrir félagið, auk endurbóta á núverandi félagsheimili. Að endingu má nefna fimleikahús ásamt aðstöðu fyrir bardaga- og dansíþróttir.

Heilsugæslan í Efra-Breiðholti
Hraunbergi 6
s 513 5300



- 8-16
 - Viðtalstímar heilbrigðisstarfsmanna
 - Símatímar lækna
 - Símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga
 - Móttaka vegna smáslysa og bráðra veikinda
- 16-17
 - Móttaka lækna vegna smáslysa og bráðra veikinda

Við minnum á að ráðlegt er að koma árlega í eftirlit með langvinnnum sjúkdómum svo sem sykursýki og háþrýstingi

Hraunberg Primary Health Care
Hraunberg 6
tel 513 5300



- 8-16
 - Appointments with health care staff
 - Telephone consultations with doctors and nurses
 - Walk-in service for minor injuries and sudden illnesses
- 16-17
 - Walk-in service minor injuries and sudden illnesses

We kindly remind those with chronic illnesses such as diabetes or high blood pressure to have yearly check ups



Of mikið sumar?

Flynise – 24 klukkustunda virkni við ofnæmi

Flynise filmhúðaðar töflur innihalda 5 mg af virka efninu desloratadíni og er ofnæmislyf sem er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða. Flynise er ætlað fullorðnum og unglingum 12 ára og eldri og er áhrifaríkt við að draga úr einkennum ofnæmiskvefs eins og hnerra, nefrennsli og kláða í nefi, ásamt augnkláða, tárarennisli og roða í augum og kláða í efri góm. Lyfið er til inntöku og á að gleypa töfluna heila. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

teva

VIÐTALIÐ

Menning og lagaumhverfi hér er ólíkt sumum löndum

„Þess vegna er sendiherra- verkefnið svo mikilvægt“

- segir Karim Askari einn sendiherra þjónustumiðstöðvar

Sendiherraverkefnið er nýtt og spennandi verkefni á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Markmiðið með því er að skapa betra upplýsingaflæði milli fólks af hérlendum og erlendum uppruna og tryggja að þeir síðarnefndu fái tækifæri og vettvang til að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri. Blaðamaður Breiðholtsblaðsins hafði samband við einn nýju sendiherranna, Karim Askari, og bað hann um að segja okkur meira um verkefnið og svoltið um sjálfan sig í leiðinni.

Karim er fæddur og uppalinn í Mohammeda, hafnarborg á vesturströnd Marokkó. Þar stundaði hann nám í íslömskum fræðum en lagði síðar land undir fót og bjó á Ítalíu áður en hann flutti til Íslands árið 2005. Hann er sendiherra arabískumælandi fólks hérlendis, lærður í viðskipta- og markaðsfræði og talar arabísku, ensku, frönsku, ítölsku og loks talsverða íslensku. Ásamt því að sinna sendiherrastarfinu er Karim framkvæmdastjóri og einn af stofnumum samtakanna Stofnun múslima á Íslandi. Karim fór upphaflega til Ítalíu sem ferðamaður en réði sig svo þar sem þjón „Að hafa búíð í öðru Evrópulandi hjálpaði mér mikil þegar ég flutti til Íslands og auðveldaði mér að aðlagast. Þegar ég fór til Íslands sem ferðamaður, varð ég ástfanginn af landinu og ákvað að búa mér líf hér. „Ég hef búíð á Íslandi í sextán ár og í Breiðholti síðan árið 2011,“ upplýsir Karim.

„Draumurinn minn hefur alltaf verið að hjálpa öðrum“

Spurður út í áhuga sinn á að taka þátt í sendiherraverkefninu segir Karim: „Draumurinn minn hefur alltaf verið að hjálpa öðrum.“ Með því að taka þátt í þessu verkefni geti hann verið tengiliður fyrir fólk af erlendum uppruna sem er nýkomið til landsins, miðlað upplýsingum til

þeirra og komið þeirra skoðunum og hugsunum á framfæri svo þau geti átt gott líf hér. Hlutverk hans sem sendiherra sé að byggja brú á milli þjónustumiðstöðvarinnar og fólks af erlendum uppruna í Breiðholti.

Blaðamaður spyr hvernig sé svo að vera orðinn sendiherra. „Það er frábært. Ég og hinir sendiherrarnir erum búnir að læra mjög mikið af hvor öðrum og enn meira um aðra menningarhópa,“ svarar Karim. Hann segir að það sem vekur með honum mestan áhuga sé að byggja brýr, auðvelda nýjum íbúum lífið, deila með þeim af sinni reynslu og læra af þeirra reynslu. „Og miðla því sem við lærum,“ bætir hann við. „Við getum deilt því sem við höfum lært til stjórnvalda og gert lífið betra fyrir allt fólk í þessu fallega landi. Við viljum að Breiðholt verði gott líkan fyrir önnur hverfi og önnur sveitarfélög á Íslandi.“

Vanþekking leiðir til árekstra og brostinna vona

Aðspurður um hvaða árangur hann voni að verði af verkefninu svarar Karim að það sé að nýir íbúar muni ekki eiga við jafnmikla erfiðleika að etja. „Við þurfum að koma öllum mikilvægum upplýsingum til þeirra strax svo þeir lendi ekki í alls konar erfiðleikum sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Ég vona að



Karim Askari einn sendiherra þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

hægt sé að leysa málin og færa þeim allar upplýsingar sem þeir þurfa á að halda.“ Þess má geta að sendiherraverkefnið hefur það sem meginmarkmið, að efla aðgang erlendra íbúa að upplýsingum og þar með þjónustu og samfélagsþróun innan hverfisins.

En hverjar eru stærstu hindranirnar á þessari vegferð? spyr blaðamaður.

„Auðvitað er alltaf erfitt að flytja til nýs lands“, segir Karim. Hann bætir við að vanþekkingin á reglum og siðum geti svo oft

leitt til brostinna vona og jafnvel árekstra. Karim segir að reynsla hans af Ítalíu hafi hjálpað honum að lenda ekki í sama vanda og margt annað fólk. Þau eru svo mörg sem koma hingað beint frá landinu sem þau ólust upp í og auðvitað verður margt erfitt. Hugsunin er ólík, menningin, veðrið, reglurnar, allt er þetta ólíkt. Hann vonar að hægt verði að vernda þetta fólk, að verja geðheilsu þess og hjálpa því að upplifa að Ísland sé heimili þess. Hann bendir á að sumt fólk flytur frá heimsálfum sem eru mjög ólíkar

Sendiherrarnir, í sendiherraverkefninu sem er á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, eru lykilorð í því að tengja erlenda íbúa betur við nærumhverfi sitt og miðla til þeirra gagnlegum upplýsingum. Hlutverk sendiherra snýst einnig um að koma með ábendingar um hvernig má bæta þjónustu. Þeir veita ráðgjöf til kerfisins um hvernig gott sé að háttá starfsemi og upplýsingagjöf sem íbúar af erlendum uppruna þiggja og sem sérstaklega er beint að þeim. Sendiherrarnir eru fólk af erlendum uppruna sem hefur verið búsett hérlendis talsvert lengi og þekkir vel til.

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Sé yfir hluta af Fellunum. Í Breiðholti og einkum Efra Breiðholti hefur myndast samfélag fjölmenningar. Hlutverk sendiherra er að tengja nýja íbúa samfélaginu þar sem þeir hafa sest að, veita þeim upplýsingar og leiðbeina á nýjum slóðum.

Evrópu, eins og frá Afríku. Eða jafnvel úr stríðsátökum. „Vanþekking þeirra og annarra sem flytja hingað til lands getur valdið miklum vanda,“ segir Karim. „Fólk þekkir ekki lögin. En ef þau fá upplýsingar um löggjöfina geta þau kynnt sér lögin betur og átt auðveldara með að aðlagast nýrri menningu.“

Í ljósi þess að menning og laga- umhverfi hér er ólíkt sumum löndum sem fólk flyst frá, myndirðu þá segja að starf þitt felist ekki hvað síst í að tryggja gott aðgengi að upplýsingum?, spyr blaðamaður.

„Já og þess vegna er sendiherra- verkefnið svo mikilvægt,“ segir Karim. „Það hjálpar okkur að ná þessu takmarki, að koma öllum upplýsingum áleiðis til erlendra íbúa. Tryggja að allt þetta fólk viti það sem það þarf að vita.“

Framvinda og þróun sendiherraverkefnisins

Sendiherraverkefnið er augljóslega mikilvægt en hvað þarf til að renna stoðum undir það og þróa það áfram? spyr blaðamaður.

„Öll verkefni í heiminum byrja

smátt og sum vaxa og verða stærri og stærri,“ segir Karim. „Núna á fyrstu skrefunum þurfum við meiri stuðning frá öðrum og að vera sameinuð í að ná markmiðum okkar. Þegar við höfum komist þangað mun verkefnið stækka og breiðast út, og fleiri verkefni af

sama toga líta dagsins ljós.“ Karim bætir við að í þessu þróunarferli felist að tala við margt og mismunandi fólk sem leiði til fleiri hugmynda og um leið til þess að fleiri verkefni koma upp á yfirborðið sem þarfnast úrlausna. Þetta leiði til æ stærra verkefnis. Hann vonast til að vinnan í Breiðholti

verði að góðu líkani sem fleiri geti nýtt sér. „Við viljum draga úr fáfræði nýrra íbúa“, segir hann að lokum. „Við viljum að þetta sem við erum að gera berist til allra og þá getum við hafist handa við að ná markmiði okkar með þessu verkefni: Fókusinn okkar er að allar upplýsingar nái til allra.“

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWE.GROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

AÐENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

MIKLABORG

- | | | | | | | | | | |
|---|--|--|--|--|---|--|--|--|---|
| | | | | | | | | | |
| Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson hdl. og löggiltir fasteignasalar | Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali Sími: 695 5520 | Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307 | Bryndís Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 569 7024 | Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856 | Gunnar Helgi Einarsson lögg. fasteignasali Sími: 615 6181 | Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000 | Ásgrímur Ásmundsson hdl. og lögg. fasteignasali Sími: 865 4120 | Þróstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634 | Jörunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958 |
| | | | | | | | | | |
| Framúrskarandi fyrirtæki | Axel Axelsson lögg. fasteignasali Sími: 778 7272 | Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178 | Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300 | Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515 | Páll Þórólfsson aðstm. fasteignasala Sími: 893 9929 | Helgi Jónsson aðstm. fasteignasala Sími: 780 2700 | Hilmar Jónsson hdl. og löggiltur fasteignasali Sími: 695 9500 | Ragnheiður Pétursdóttir hdl. og löggiltur fasteignasali | Harpa Rún Glad hdl. og löggiltur fasteignasali |

Fasteignasalan
Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Samgöngusátt- málinn kynntur

- sérstök áhersla á Arnarnesveg



Skipulagsstofnun mat að breyting á útfærslu gatnamóta við Arnarnesveg og Breiðholtsbraut skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Arnarnesvegur hefur verið nokkuð umdeildur á meðal Breiðholtsbúa.

Samgöngusáttmálinn var kynntur á sérstökum kynningarfundum sem Betri samgöngur ohf. og Vegagerðin boðuðu til nýverið. Þar kom fram að markmiði hans sé að auka valkosti í samgöngum og nú þegar hafi verið lagt í umfangsmiklar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Stærsti einstaki þáttur sáttmálans snýr að uppbyggingu stofnvegakerfisins sem felur meðal annars í sér uppbyggingu Borgarlínunnar og lagningu göngu- og hjólastíga. A fundinum var lögð sérstök áhersla á kynningu lokaáfangna Arnarnesvegjar sem liggur frá gatnamótum Arnarnesvegjar og Rjúpnavegar að Breiðholtsbraut. Áfanginn á að létta töluvert á umferð um Vatnsendaveg í Kópavogi austan Reykjanesbrautar. Fullgerður Arnarnesvegur mun þá hafa áhrif á umferð fyrir íbúa í Kópavogi, Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfirði.

Norður Mjódd

Lengi rætt um að auka við byggðina



Séð yfir Norður Mjódd Bensinstöð og Garðheima.

Skipulagsmál í Norður Mjódd eiga sér allanga sögu sem enn er ekki lokið. Tillögur að skipulagsbreytingum hafa snúið að því að auka við byggð á svæðinu en skiptar skoðar hafa jafnan verið um málið. Andstöðu var að finna á meðal íbúa í nágrenninu einkum í Stekkunum sem eru næsta byggðarlag og snérust að einhverju leyti um glatað útsýni.

Samkvæmt fyrsta skipulagi af Norður Mjódd frá 1962 til 1983 var gert ráð fyrir að þar yrði óbyggt útivistarsvæði hugsað til þess að tryggja íbúum í neðsta hluta elsta Breiðholtshverfisins útsýni. Í grenndarkynningu fyrir Norður Mjódd frá 1974 má finna fyrstu teikningar um nýtingu þessa svæðis undir byggingar. Þar kom meðal annars fram að í Norður Mjóddinni yrði komið fyrir lágum byggingum, sem myndu ekki trufla útsýni úr neðstu húsum Stekkjarhverfis. Um svipað leyti hafði Olís fengið vilyrði hjá Reykjavíkurborg til að flytja bensinstöð sína sem þá stóð sunnan Álfabakka yfir götuna og verða syðst í Norður Mjódd þar sem hún er nú. Þá voru komnar fram hugmyndir um að reisa hverfisstöð fyrir Strætisvagna Reykjavíkur við Álfabakka og því varð að færa bensinstöðina.

Sameining Olís og Haga – hugmyndir um meiri byggð

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 er gert ráð fyrir að styrkja svæðið með þéttingu og blöndun byggðar. Þar kemur fram að við gerð deiliskipulags skuli leitast við að styrkja heildaryfirbragð svæðisins, þannig að nýjar og eldri byggingar myndi heildstæða og skjólsæla byggð. Á svæðinu megi gera ráð fyrir 100 til 200 íbúðum auk meiri verslunarþjónustuhúsnæði. Olís átti hluta lóðarinnar við Stekkjarbakka en við

samruna Olís og Haga varð lóðin nú öll í eigu sama félags sem stefndi á aðgerðir. Leigusamningur við leigjendur á lóðinni renna út nú í ár. Var þá ráðgert að komist yrði að samkomulagi við Reykjavíkurborg um skipulag á lóðinni. Finnur Árnason þáverandi forstjóri Haga gerði ráð fyrir að blönduð byggð muni rísa á svæðinu sem væri í samræmi við stefnu borgarinnar um þéttingu byggðar. Á lóðinni ættu því að því rísa bæði litlar og stærri íbúðir, auk þess sem byggingar fyrir verslun og þjónustu yrðu á hluta lóðarinnar til að mynda Bónusverslun og ÓB-stöð. Hugmyndir um Bónusverslun eða stóra matvöruverslun mætti andstöðu hjá borginni og bent var á að þegar væri ein slík verslun í Mjóddinni – Nettó í Mjódd. Stefna borgarinnar væri að efla verslunarstarf í gömlu byggðakjörnunum þangað sem fólk gæti sótt lífsnauðsynjar sem annað í göngu fjarlægð frá heimilum sínum.

Próunarsvæði og sérstakt deiliskipulag

Í tillögum að hverfaskipulagi Breiðholts sem nú eru til kynningar er að finna hugmyndir um íbúðabyggð í Norður Mjóddinni. Þar segir að Neðra Breiðholt sé vel sett með verslun og þjónustu vegna nálægðar við Mjóddina. Þar sé stefnt að uppbyggingu með atvinnuhúsnæði og nýjum íbúðum. Um sé að ræða mjög umfangsmiklar breytingar sem ekki verða útfærðar í hverfisskipulagi heldur er Norður-Mjódd skilgreind sem þróunarsvæði og verður gert sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið. Það deiliskipulag liggur ekki fyrir og heldur ekki um hversu miklar framkvæmdir verður að ræða. Miðað við þær umræður sem farið hafa fram má þó gera ráð fyrir að í Norður – Mjóddinni muni rísa blönduð byggð með fjölda íbúða og nokkurri þjónustu.



Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

www.breiðholt.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

www.borgarblod.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Rafstöðin í Elliðaárdal

Hundrað ár frá rafvæðingu í Reykjavík

Hundrað ár eru frá því að Rafstöðin í Elliðaárdal var gangsett. Virkjunin var tekin í notkun sumarið 1921 og var raforkan framleidd með tveimur vélum og flutt eftir háspennurafliinu að aðveitustöð á Skólavörðuholti. Frímenn B. Arngrímsson var fyrstur til að hvetja til að virkjað yrði í Elliðaáam. Frímenn var íslenskur fræðimaður og uppfinningamaður. Fæddur í Hörgárdal 1855 og flutti til Vesturheims árið 1874. Hann var fyrsti Vestur-Íslendingurinn til að stunda háskólanám og útskrifaðist 6. júní 1885 frá Manitoba-háskóla með B.A. gráðu. Frímenn fékk mikinn áhuga á rafvæðingu á Íslandi - að vinna orku úr vatnsafla sem hann kallaði „hvítu kolin“, Hann kom tvisvar til Íslands 1894 til 1895 til að tala fyrir rafvæðingu. Hann taldi lítinn árangur sinn stafa af því að hann var fátækur og ættlítil en landsmenn íhaldssamir og hagsmunir kolakaupmanna miklir af því að ekki væri virkjað.

Tæpum aldarfjórðungi síðar eða 26. september 1918 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur byggingu rafstöðvar. Þá voru verkfræðingarnir Guðmundur Hlíðdal og Jón Þorláksson búnir að leggja fram tillögur um virkjun. Undirbúningur að virkjuninni hófst árið 1916 og framkvæmd í september sama ár. Rafstöðin var síðan gangsett þann 27. júní 1921. Norskir verkfræðingar unnu að undirbúningi hennar og arkitekt stöðvarinnar var Aage Broager-Christiansen. Þann 27. júní 1921 vígðu Kristján X. Danakonungur og Alexandrína drottning Rafstöð Reykvíkinga í Elliðaárdal.

Bylting í lífsgæðum

Segja má að ákveðin bylting hafi orðið

í lífsgæðum Reykvíkinga þegar rafstöðin var gangsett. Með henni hófst öld sem kenna má við nútímann. Raflysing varð að veruleika. Rafmagn var smám saman leitt í hýbýli fólks og vinnustaði og færði því birtu og yl. Rafljós tóku að lýsa götur og næsta nágrenni. Lýsiskolurnar hurfu og starf „Luktur Gvendar“ sem gekk um bæinn og kveikti á götuljósunum þegar dimma tók heyrði til liðinni tíð. Gamla rafstöðin var stöðugt í notkun í 93 ár eða árið 2014 þegar hún bilaði og þá var slökkt var á henni.

Í tilefni þeirra tímamóta og í raun mannlífisbreytinga sem rafstöðin skapaði bauð Orkuveita Reykjavíkur í aldarafmæli hennar í Elliðaárdal sunnudaginn 27. júní. Þar var boðið upp á fjölbreytta dagskrá.

Nýtt hlutverk - þjóðgarður í borg

„Nú á að gefa rafstöðinni nýtt hlutverk. Núna fær hún endurvakið hlutverk sem fræðslumiðstöð og sýning. Og ég tel sjálfur að Elliðaárdalurinn sé vaggá Orkuveitu Reykjavíkur. Það er svo margt sem má rekja hingað. Vatnsveitan byrjaði hérna, rafmagnið byrjaði hér 1921, hitaveitan líka. Það eru nokkrar borholur hér í dalnum sem ennþá eru í nýtingu,“ sagði Bjarni Bjarnason forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur í tilefni afmælisins. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði rafvæðinguna hafa verið risaskref í því að þróa bæ í borg. „Við getum þakkað fyrir framsýni þeirra sem að þessu stóðu. En líka kannski fyrir það að hagkvæmasta leiðin til að virkja var ekki valin. Það var nefnilega á teikniborðinu leið sem var að veita vatninu öllu í Rauðavatn, þaðan í Grafarvog og vera með tölverða virkjun þar. Og þá hefðu ekki verið neinar ár í Elliðaárdalnum og engir laxar. Við eigum að líta á Elliðaárdalurinn



eins og þjóðgarð í borg og standa vörð um hann um aldir alda þannig að maður sé nú hátíðlegur á 100 ára afmælinu.“

Sögu- og tæknisýning

Orkuveita Reykjavíkur efndi í upphafi árs 2019 til samkeppni um sögu- og tæknisýningu á rafstöðvarreitnum til að fagna 100 ára afmæli Elliðaárstöðvar. Hönnunarhópurinn Terta sigraði samkeppnina og framkvæmdir hófust í október 2020. Markmið OR er að veita fólki greiðan aðgang að þessu einstaka svæði í borginni sem er í almannaeygu, auka upplifun og ánægju og miðla fróðleik.

Skógrækt og uppgræðslustarf

Árið 1951 hóf Rafmagnsveita Reykjavíkur skógræktar- og uppgræðslustarf í árhólmanum í samstarfi við borgina. Á fáum árum breyttist Elliðaárdalurinn úr hrjóstrugum hólma í gróid útivistarsvæði sem nú iðar af fjölbreyttu plöntu- og fuglalífi. Elliðaárna eru einu laxveiðiárnar í heiminum sem eru innan borgarmarka, og þar eru einnig fornminjar, meðal annars frá tíð Innréttinganna.

Svæðið er sannarlega einstakt enda er Elliðaárdalur eitt fjölsóttasta útivistarsvæði borgarinnar. Með því að gefa húsunum á torfunni nýtt hlutverk er sköpuð ný umgjörð fyrir menningu og mannlíf í dalnum og aðstaða þeirra sem heimsækja hann að stórum bætt.

HÓLAGARÐUR

- Persónuleg þjónusta í vinalegu umhverfi -



AfroZone



Sarin
- nuddstofa



Hvernig hvarf verslunin úr Breiðholti

Fólk fær þjónustukjarnana aftur

Borgarráð samþykkti í júní 2018 að kaupa verslunarkjarnann í Arnarbakka og verslunarhúsnæði við Völvufell á samtals 752 milljónir króna. Kaupin voru gerð í því augnamiði að ráðast í skipulagsbreytingar og opna fyrir uppbyggingu fyrir verslun á þessum svæðum. Þegar Breiðholtið var skipulagt í upphafi var gert ráð fyrir ákveðinni þjónustu í öllum þremur hlutum þess. Bökkum, Efra Breiðholti og Seljahverfi. Gert var ráð fyrir að verslanir og önnur þjónustufyrirtæki myndu vara og dafna í fjölmönnum byggðarlögum. Þessi þróun gekk eftir til að byrja með en fljótlega fór að draga úr áhuga á að reka verslanir eða önnur fyrirtæki á þessum stöðum. Trúlega hefur afkoma þeirra ráðið þar mestu um. Verslanir lokuðu eða voru fluttar burt og þá dofnaði yfir annarri starfsemi vegna að þjónustuaðilar á sama svæði styrkja yfirleitt hvorir aðra.

Í verslunarkjarnanum við Arnarbakka lifði lítið af því sem eitt sinn var blómlegar verslun. Á níunda áratug síðustu aldar voru þar matvöruverslun, banki, apótek og bókabúð auk fleiri verslana og þjónustufyrirtækja. Síðar voru þar myndbandaleigur og pizzastaðir og tattóstofa var þar um tíma. Flest af því var horfið. Hársnyrtistofa lifir þar enn. Sumar byggingar voru komnar í niðurniðslu og veggjakrot var áberandi. Á meðan verslunarkjarninn í Arnarbakka var stöðugt að gefa eftir hvarf einfaldlega verslunin sem var í Leirubakka. Þar mátti eitt sinn finna bakarí, myndbandaleigu, skóbúð og innrömmun. Húsin sem hýstu þá starfsemi eru horfin og í staðinn komið íbúðarhúsnæði.

Hólagarður haldið uppi verslun í Efra Breiðholti

Í Efra Breiðholti hefur sagan orðið með nokkuð öðrum hætti en í Bökkunum. Það munar mestu um Hólagarð – verslanakjarna sem Gunnar Snorrason kaupmaður byggði upp þegar Hólahverfið var að byggjast um og upp úr 1970. Þótt á ýmsu hafi gengið í rekstri verslana þar hafa þær aldrei horfið. Þar munar mestu um að tekist hefur að reka stóra matvöruverslun – verslun sem árum saman hefur verið rekin af Bónus en byggir í raun á þeim hugmyndum sem Gunnar lagði upp með en hann rak sjálfur fyrstu stóru matvöruverslunina undir heiti Hólagarðs. Fyrir neðan húsnæði Hólagarðs var reist annað verslunarhúsnæði. Við Gerðuberg en það náði aldrei flugi. Nú er þar frístundamiðstöðin Miðberg fyrir börn og ungmenni frá sex til sextán ára aldurs og lðjuberg, stoðþjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu. Við hlið Miðbergs er annað verslunarhúsnæði sem erfiðlega hefur gengið að ná flugi sem slíkt. Þar hefur ýmis starfsemi komið og farið. Nú er þar meðal annars bakarí. Sú bygging lokar fyrir inngang að Markúsartorgi sem er fyrir framan efri innganginn að Borgarbókasafninu og menningarmiðstöðinni í Gerðubergi.

Gamla kaffihúsið og Pólska búðin

Fellagarðar er annar verslunar- og þjónustukjarni í Efra Breiðholti. Fellagarðar standa saman af húsaþyrpingu við Eddufell, Drafnarfell og Völvufell. Á níunda áratug síðustu aldar og fram á þann tíunda voru þar margar verslanir og þjónustufyrirtæki, hvert við hlið annars. KRON var með matvöruverslun í öðrum enda



Lengi hefur verið verslun við Seljabraut 54. Seljakjör var og nú er verslun Iceland þar.



Reykjavíkurborg festi kaup á fasteignum í Arnarbakka með það að markmiði að flýta fyrir uppbyggingu á reitnum. Auglýst var eftir hugmyndum að starfsemi í húsnæðinu með sérstaka áherslu á samfélagsleg verkefni. Ýmsir hópar nýta húsnæðið nú einkum í samfélagsleg verkefni. Framundan er endurbygging þessa svæðis.

húsnæðis við Eddufell. Það húsnæði var rífið fyrir nokkru árum eftir að hafa lengi staðið autt. Í staðinn kom íbúðarhúsnæði. Í sömu húsalengju var að finna hárgreiðslustofu, skyndibitastað og myndbandaleigu, auk annarrar starfsemi á jarðhæð í enda hússins. Fab Lab var þar um tíma áður það var flutt í Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Á jarðhæðinni eru snyrtistofur og verslun.

Við Drafnarfell er Gamla kaffihúsið – vinalegt kaffihús og veitingastaður Unnar Örnú Sigurðardóttur og fjölskyldu. Pólska matvöruverslunin Mini Market er einnig við Drafnarfell og segja má að þessir aðilar haldi lifinu þar uppi.

Öll verslun horfin úr Völvufelli

Á meðan verslun í húsunum við Eddufell og Drafnarfell hefur gefið eftir hefur hún horfið alveg úr þeim hluta Fellagarða sem eru í húsaröðinni við Völvufell. Þar hefur engin verslun verið árum saman. Það er breyting frá því sem áður var þegar þarna mátti finna öflugt bakarí, skóbúð, bókabúð, leikfangaverslun og á tímabili veislubjónustu. Völvufellið er sá hluti Fellagarða sem borgin hefur fest kaup á og hyggst skipuleggja að nýju.

Seljabraut 54 en annað hvarf

Í Seljahverfi var nokkuð um verslunarhúsnæði. Við Seljabraut 54 var á einum tíma matvöruverslun, söluturn, myndbandaleigan og pizzastaður. Fyrirtækin í húsinu hafa verið mismörg en matvöruverslun hefur alltaf verið þar. Lengi undir merkjun Seljakjör - þín verslun og nú síðast undir merkjun Iceland. Verslunarhúsið sem reist var í Kleifarseli, við hlið Seljaskóla, endurspeglar hins vegar vel hnignun hverfisverslunar. Þar er engin verslun en Hellirinn,

Frístundaklúbbur Seljaskóla er þar til húsa. Verslunarhúsnæði var einnig byggt upp í Hólmaseli við hlið Seljakirkju. Þar var talsverð starfsemi í gegnum tíðina, meðal annars hverfiskráin Hólmi en þar er nú aðeins að finna hárgreiðslustofu og félagsmiðstöð á vegum borgarinnar. Við Tindasel var lengi matvöruverslunin Ásgeir og síðar Gunnarskjör og Bónus, en einnig hárgreiðslustofa um skeið og söluturn. Þar er nú Skátafélagið Segull með aðstöðu.

Heimabyggð í stað langra búðarferða

Ýmsar orsakir urðu til þess hvernig fór og hugmyndir hönnuða Breiðholtsins um þjónustu í byggjum þess gengu ekki eftir. Ýmsir hafa bent á að bygging verslunarmiðstöðvar í Mjóddinn hafi haft afgerandi áhrif á aðra verslun í Breiðholti. Vissulega átti hún einhvern þátt í þeirri þróun en fleira kom til. Það er stórmarkaðsvæðingin. Breyttir verslunarhættir borgarbúa urðu til þess að sjálfstæðar matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu og víðar týndu tölunni. Verslanakeðjur tóku til sín sífellt stærri hluta verslunarinnar og verslunarmiðstöðvar drógu til sín fjölda fólks. Margar stórverslananna eru utan hefðbundinna íbúðahverfa. Hverfisbúðirnar áttu erfitt með að keppa við þessar verslanir þrátt fyrir fjarlægð þeirra. Þar skipti stærðin máli. Stóru verslanirnar gátu boðið hagstæðra vöruverð og hugsanlega meira vöruúrval. En nú vill fólk fara að líta sér nær. Að geta verslað í heimabyggð er komið á óskalistann.

Fólkið í fyrirrúmi

Í drögum að nýju hverfaskipulagi fyrir Breiðholt er lögð áhersla á að endurverkja hverfiskjarna. Í kynningu þess segir að um mikilvægan þátt sé að ræða að



Breiðholtskjör starfaði við Arnarbakka á fyrstu árum Breiðholtsins. Síðan hvarf hún líkt og margar aðrar verslanir í Breiðholti.



Gamla Kaffihúsið er vinalegur veitingastaður við Drafnarfell. Við hliðina er Pólska búðin Mini market.



Breiðholtsbakarí var í áratugi við Völvufellið ásamt annarri verslunarstarfsemi. Nú er engin verslunarrekstur þar. Nýlistasafnið hefur haft aðstöðu í hluta húsnæðisins og sumt hefur verið leigt út til íbúða eða tímabundinnar starfsemi.



Við Kleifarsel var verslunarstarfsemi á árum áður en ekki lengur.

styrkja núverandi hverfiskjarna til að skapa aukin tækifæri fyrir blómlega verslun og fjölbreytta þjónustu í göngufæri fyrir íbúa. Í Neðra Breiðholti verða gerðar miklar breytingar á kjarnanum við Arnarbakka en í hverfisskipulagi er uppbygging hans sett í forgang. Hverfiskjarninn verður styrktur með því að fjarlægja gömlu húsin og reisa nýjar byggingar en hugmyndir eru um að vera þar með verslanir og þjónusta á jarðhæð í nýjum byggingum og stúdentaíbúðir á efri hæðum. Kjarnarnir í Efra Breiðholti verða einnig eflir verulega. Þar á

meðal verður farið í umfangsmikla endurnýjun við Eddufell og Völvufell. Eldri byggingar verða fjarlægðar að hluta og nýtt húsnæði reist sem áætlað er að hýsa muni bæði leikskóla, stúdentagarða og sérbýli. Áfram verður verslun og þjónusta í Fellagörðum og heimildir verða fyrir íbúðum á efri hæðum verslana. Þarna eru möguleikar að bæta við nýjum íbúðum. Einnig eru hugmyndir um ýmsar endurbætur við Austurberg sem er einskona aðalgata í Efra Breiðholti og skilgreind sem borgargata í hverfisskipulagi.

Gamla Kaffihúsið

Kíktu til okkar og leyfðu okkur að sjá um matinn.

| | | |
|--------------------|-----------------------------|--------------------|
| Nautarsteik | Piri Piri kjúklingur | Steikarloka |
| 3200,- | 2650,-,- | 2300,- |



Sími: 511-1180
Drafnarfell 11, 111 Reykjavík

Pepp kynnir viðtöl

- opin viðtöl við félagsráðgjafa og fjölskyldugaman í húsnæði Pepp í Álfabakka 12 í sumar

Það er gaman að geta deilt því að Fjölskyldumiðstöðin í Gerðubergi og Pepp sem eru grasrótarsamtök fólks í fátækt á Íslandi eru að hefja samstarf. Hér er um að ræða tilraunaverkefni í sumar þar sem Pepp Ísland og Fjölskyldumiðstöðin í Gerðubergi bjóða upp á viðtöl og spjall við félagsráðgjafa í opnum tíma í kaffihúsi Pepp í Fjöl-skyldu- og fjölmenningssetrinu í Álfabakka 12 alla þriðjudaga í



sumar milli 11:00-15:00. Það er engin skráning og kostar ekkert.

Einnig verður í boði fjölskyldugaman, þar sem við gerum eitthvað skemmtilegt saman í sumar á fimmtudögum sem er foreldrum að kostnaðarlausu. Mæting á kaffihúsi Pepp í Álfabakka 12 klukkan 12:30, brottför klukkan 13:00 og komið til baka klukkan 15:30. Ekki er nauðsynlegt að skrá sig. Hlökkum til að sjá sem flesta. Komi að njóta útiveru og nátturunnar saman. Verkefnið fór af stað hjá okkur. Það mættu 17 börn og 16 fullorðnir, bæði ömmur og foreldrar, og við áttum skemmtilega stund saman í Árbæjarsafninu.

Dagsetningar fyrir fjölskyldugaman:

Fimmtudagur 8. júlí kl. 12.30 Árbæjarsafnið
Fimmtudagur 15. júlí kl. 12.30 Grasagarðurinn
Fimmtudagur 22. júlí kl. 12.30 Húsadýragarðurinn
Fimmtudagur 29. júlí kl. 12.30 Nauthólsvík
Open interviews with social workers and family fun at Pepp, Álfabakki 12 this summer

In English

It's delighted to share that the Family Center in Gerðuberg and Pepp Iceland will collaborate and offer open interviews and chat with social workers this summer. The interview is an open hour in Pepp's café in the Family and Multicultural Center in Álfabakki 12 every Tuesday between 11:00 to 15:00. There is no need to register and it's free of charge.

There will also be family fun activities for families this summer. The event will happen every Thursday and it's free of charge. We will gather at Pepp's café at 12:30 and departed at 13:00 to the location. The activity will take around two and a half hours and will be back at the café again at 15:30. There is no need to register and everyone is welcome to enjoy being outdoors and enjoy nature together.

Schedule for family fun:

Thursday 8 July at 12.30 Árbæjarsafnið
Thursday 15 July at 12.30 Grasagarðurinn og ormurinn langi
Thursday 22 July at 12.30 Húsadýragarðurinn
Thursday 29 July at 12.30 Nauthólsvík

Ætli ég sé ekki svolítill tölvunörd

- segir Kjartan Óli Ágústsson sem hlaut hæstu einkunn á stúdentsprófi frá FB á dögnum

Kjartan Óli Ágústsson hlaut hæstu einkunn á stúdentsprófi frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti á dögnum. Hann fékk 9.51 í einkunn og hlaut fjölda verðlauna. Hann er nú á leið í Háskóla Íslands þar sem hann hyggst leggja stund á tölvufræði.

„Ég er Árbæingur. Þjó reyndar fyrstu tíu árin í Grafarvogi en þá flutti fjölskyldan í Árbæinn. Ég lít því á mig sem Árbæing. Búseta mín í Árbænum kom þó ekki í veg fyrir að ég sæktist eftir skólavist í FB enda ekki langt á milli þessara byggða sitt hvoru megin við Elliðárnar. Þetta byrjaði með því að ég fór á námskynningu FB sem haldin var fyrir tíuna bekk Árbæjarskóla. Ég sannfærðist strax að þarna væri skóli fyrir mig og hugsaði það ekkert frekar. Sótti bara um skólavist. Þetta hentaði mér vel að öllu leyti. Ekki síður til ferðalaga á milli en námsins. Ég hjólaði yfirleitt í skólann en þetta eru um þrjár kílómetrar sem ég þurfti að fara á hjólinu.

Átti alls ekki von á að dúxa

Kjartan Óli útskrifaðist eftir þriggja ára nám eins og framhaldsskólinn er í dag. „Já ég lenti í þriggja ára kerfinu. Það dugði mér alveg. Ég var á braut sem kallast náttúrufræðibraut með tölvuivafi.“ Kjartan Óli neitar að hafa átt von á að verða dúx. „Nei alls ekki.“ „Þetta kom mér verulega á óvart. Ég stefndi alls ekki að því,“ segir hann en viðurkennir að þetta hafi orðið óvænt ánægja og talsvert af verðlaunum hafi fylgt. Þar á meðal voru menntaverðlaun Háskóla Íslands auk verðlauna fyrir árangur í tölvufræði, stærðfræði og sagnfræði auk fleiri verðlauna. Hann segist hafa haft gaman af sagnfræði. Alltaf verið forvitin um söguna þó hún hafi ekki fangað hug hans allan. En hafði Kjartan Óli einhvern tíma fyrir félagslíf í skólanum. Já hann kveðst hafa verið í Nórðaklúbbnum allar sex annirnar. „Ég get þó ekki sagt að ég hafi verið orðinn tölvunörd áður en ég byrjaði í FB en forritunaræfingar voru með því skemmtilegra sem ég gerði. Ætli ég sé ekki svolítill tölvunörd.“

Stundar 800 metra hlaup með Fjölni

Kjartan Óli hefur stundað íþróttir með fram námi og var á leið í Laugadalinn á æfingu eftir vinnu þegar Breiðholtið hitti hann á Te og kaffi í Kringlunni. Íþróttáhugi hans kemur nokkuð á óvart. „Ég var að æfa skýlmingar um tíma. Skýlmingar eru íþrótt þar sem keppandinn heldur til leiks með ákveðna leikaðferð í huga en þarf svo sífellt að endurskipuleggja leik sinn með tilliti til viðbragða andstæðingsins og leikstíls hans. Ég fékk áhuga á þessu og stundaði það í nokkur ár. Skýlmingar styrkja fólk líkamlega jafnt sem andlega og veita snerpu og



Kjartan Óli Ágústsson dúx í FB á vorönn 2021.

jafnvægi. Ég hélt þó ekki áfram og skipti yfir í hlaup. Núna er ég að einbeita mér að 800 metra hlaupi og æfi með Fjölni.“ Hann er nýlega kominn af mótí á Akureyri. „Já – ég lenti í kuldámótinu eins og það var kallað. Það var mjög kalt fyrir norðan þessa daga rétt áður tók að hlýna. Kuldinn hafði þó ýmsa kosti í för með sér. Það hefði ekki verið gott að keppa í hlaupi í yfir 20 gráðu hita.“ Kjartan Óli ætlar að halda áfram að hlaupa jafnframt námi í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Hann hyggst búa áfram hjá foreldrum sínum í Árbænum þannig að leiðin verður nokkru lengri fyrir hann að fara vestur í HÍ en í FB. „Þetta er aðeins lengra en ég ætla að halda áfram að hjóla í skólann,“ segir þessi Árbæingur um leið og hann stígur á bak reiðhjólínu og heldur niður í Laugardal til æfinga.

www.breiðholt.is



Fæst í netverslun belladonna.is

Mikið úrval af fallegum vestum

belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | f VersluninBelladonna
Netverslun á www.belladonna.is

Breiðholtsskóli

Þurfum að fræða börnin um rafhlaupahjólin

Í frétt frá Breiðholtsskóla er fjallað um bætt umferðaröryggi – rafhlaupahjól og létt bifhjól í flokki I. Þar segir að vinsældir rafhlaupahjóla og létttra bifhjóla í flokki I (vespa) hafa aukist að undanfögnu hér á landi enda frábær farartæki séu þau notuð rétt. Í fréttinni segir að Samgöngustofa hafi tekið saman upplýsingar um notkun þeirra og öryggi. Skólinn vill hvetja foreldra til að ræða við börnin sín, sýna fræðslumyndirnar, fara yfir fræðsluefnið og taka þetta til umræðu.

Bent er á að vélknúin hlaupahjól sem oft eru kölluð rafhlaupahjól, rafmagnshlaupahjól, rafskútur tilheyra flokki reiðhjóla og eru hönnuð til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klukkustund. Í umferðarlögum kemur fram að slíkum farartækjum megi þó ekki aka á akbraut en þau lúta að öðru leyti sömu reglum og reiðhjól t.d. hvað varðar öryggisbúnað og mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga þegar hjólað er á gangstígum.



Arna Margrét Ægisdóttir er rekstrarstjóri Wind Mobility í Reykjavík og Osló á rafhlaupahjólum við Hallgrímskirkju.

Garðheimar í Mjóddina

Verið að auka fjölbreytni í hverfismiðbæ Breiðholts



Sambíóin eru við Álfabakka 8. Garðheimar munu verða í næsta nágrenni við Álfabakka 6.

Nýir Garðheimar munu rísa á lóðinni við Álfabakka 6 á milli Mjóddarinnar og Reykjanesbrautar en þessi hluti hennar er óbyggður. Þetta er sama lóðin og ætlunin var að úthluta Heklu hf. fyrir bílaumboð. Ekkert varð hins vegar úr þeim fyrirætlunum. Byggingin sem rísa mun á lóðinni á vegum Garðheima verður alls 7.375 fermetrar.

Um er að ræða stálgrindahús úr einingum sem framleitt verður í Hollandi og flutt hingað til lands. Byggingin verður á einni hæð ásamt millihæð fyrir skrifstofu og matsal starfsfólks. Gert er ráð fyrir að auk garðyrkjumiðstöðvar verði plöntu- og gjafavöruslun líkt og Garðheimar reka í dag. Einnig er hugmyndir um rými fyrir tengda starfsemi svo sem verslunarrekstur og veitingastarfsemi annarra aðila. Vínubúðin er í Garðheimum í dag og lýkur til að

hún muni flytjast á hinn nýja stað ásamt annarri starfsemi sem er á gömlu Garðheimalóðinni. Gert er ráð fyrir að byggð verði ný framlenging við Álfabakka og aðkoma að nýjum Garðheimum fari um hana. Með þessari breytingu munu Garðheimar flytjast inn í sjálfa Mjóddina en starfsemi þeirra hefur verið á mörkum norður og suður Mjóddar.

Ástæður þess að núverandi aðstaða Garðheima við Stekkjarbakka verður að víkja er ný íbúðabyggð sem fyrirhuguð er í Norður Mjóddinni. Áður en Borgarráð Reykjavíkur samþykkti að veita Garðheimum vilyrði fyrir lóð ásamt byggingarrétti í Suður Mjódd hafði fyrirtækið sótt um lóð á þróunarsvæðinu við Stekkjarbakka 173 en fallið hefur verið frá þeim áformum. Garðheimar höfðu átt í viðræðum við Reykjavíkurborg um að flytja starfsemi sína á þróunarsvæðið

Stekkjarkakka 173 á sama svæði og sóst eftir leyfi til þess að byggja gróðurhvelvingu. Bygging gróðurhvelvingar með tilheyrandi athafnasemi varð strax mjög umdeild. Slík framkvæmd hefði meðal annars haft í för með sér umhverfisrask, aukna bílaumferð og tilheyrandi fjölda bílastæða á mikilvægu grænu svæði í borgarlandinu. Engar upplýsingar um fjármagnsaðila eða rekstrarhæfi þeirrar framkvæmdar lágu fyrir og ekkert hefur heyrst af frekari áætlunum Aldo Biodom þess er sóttist eftir landi fyrir gróðurhvelvinguna. Telja má að Álfabakki 6 í Mjóddinni muni henta Garðheimum mun betur en að fara með starfsemi þeirra upp með Stekkjarbakka. Með því að færa Garðheima inn á Mjóddarsvæðið er verið að auka fjölbreytni starfsemi í hverfismiðbæ Breiðholtsins.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ HÓLMGEIRS
MJÓDD



ÁFRAM ÍR



Veidítímabilið hefst 1. apríl!
Ertu búinn að fá þér Veidikortið?

Frelsi til að veiða!

8.900 kr

Fæst hjá N1, OLÍ, veiðibúðum og veidikortid.is

Disneyklúbbur í Hólabrekkuskóla



Emily Ósk Yaa Idu og Karen Quynh Anh Mac eru í miðju með verðlaunaspjöld fyrir þátttöku í Disneyklúbbi í Hólabrekkuskóla.

Svonefndur Disneyklúbbur var starfandi í Hólabrekkuskóla á liðnum vetri. Allir nemendur í 2. til 7. bekk máttu taka þátt. Klúbburinn fór vel af stað, en verkefnin reyndust yngri nemendum of erfið.

Verkefnin voru t.d. að finna andheiti, gera hugarkort, orðaglimur, stigbeggja lýsingarorð, skrifa úrdrátt og margt fleira. Krakkarnir fengu smá glaðning eftir að hafa lesið 5, 10 og 20 bækur. Einnig fengu nemendur lukkumiða eftir

lestur og vinnu með hverja bók. Alls voru lesnar og unnið með 118 bækur. Í byrjun júní dró svo Hólmfríður skólastjóri úr lukkumiðunum. Upp úr kassanum kom nafnið Emily Ósk Yaa Idu í bekk 61. Hástökkvari klúbbsins var Karen Quynh Anh Mac í bekk 61. Hún las 33 bækur og vann öll verkefnin óaðfínanlega. Fengu þær báðar smá glaðning fyrir þátttökuna. Aðrar stelpur í bekknum lásu margar á milli 10 og 20 bækur.

Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

Bílastuð Eignaumsjónar - þrjár þjónustuleiðir í boði:

- » **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluáðstöðu og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Árbæjarstíflan enn hindrun fyrir fisk

Árbæjarstíflan er enn hindrun fyrir fisk þrátt fyrir að lokur séu fullopnar og að Árbæjarlón hafi verið tæmt. Þetta kemur fram í skýrslu stýrihóps um Elliðarárdal sem tekin fyrir á fundi borgarráðs, 10. júní. Lokun Árbæjarlónsins hefur verið umdeilt frá því það var tæmt í fyrra. Aðgerðin kom íbúum við Elliðarárdal á óvart en Orkuveita Reykjavíkur hefur viðurkennt að það hafi verið mistök að kynna tæminguna ekki nægilega vel fyrir íbúum áður en ráðist var í verkið.

Málið má rekja til þess að Hafrannsóknastofnun ráðlagði Orkuveitu Reykjavíkur að annað hvort fjarlægja Árbæjarstíflu og ganga frá svæði í „upprunalegu“ ástandi eða hafa allar lokur opnar árið um kring. Þetta væru bestu kostirnir fyrir lífríkið í ánum. Var þetta gert með það huga að fiskar gætu gengið upp ána með óheftu flæði. Stýrihópurinn leggur til að strax verði hafin vöktun á lífríki í og við Árbæjarkvísl Elliðaána en við varanlega opnun Árbæjarstíflu og breytta vatnsstöðu sem henni fylgir má búast við breytingum sem snúa að lífríki ána og umhverfis þeirra. Lagt er til að vakta göngu fiska í kvíslinni með teljara. Hafrannsóknastofnun lagði til í upphaflegri greinargerð sinni að ganga fisks yrði tryggð enn frekar með því að gera skarð í þröskuld einnar lokunnar. Vatnshæð ofan við stífluna myndi lækka enn frekar sem er óæskilegt að mati hópsins sé mið tekið af ásýnd svæðisins.



Frá Árbæjarstíflu.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Breiðholtsblaðið www.borgarblod.is



Frístundastarfið í Miðbergi

Þessar myndir eru teknar í sumarstarfi á vegum frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs. Ein mynd er af siglingaklúbbnum sem hefur starfað í sumar. Önnur grá ferð í Hvalfjörð og á einni myndinni sjást ungmenni úr félagsstarfinu í gönguferð á Helgafell.



Sumarstarfið komið á fullt

Sumarstarf frístundaheimilanna í Breiðholti er farið af stað með tilheyrandi skemmtun og gleði. Eins og venjulega bjóða heimilin upp á fjölbreytt og skemmtileg námskeið í sumar fyrir börn í fyrsta til fjórða bekk. Hvert námskeið hefur sitt eigið þema og stendur yfir í eina viku. Starfsfólk leggur mikið upp úr því að búa til áhugaverða dagskrá svo sumarið verði eftirminnilegt fyrir börnin. Þemur er ýmiss konar og má þar nefna dýrabema, vatnabema, ævintýrabema ásamt fleira skemmtilegu.

Börnin í Álfheimum og Vínheimum byrjuðu sumarið á dýravíku sem fékk nafnið Dýrin stór og smá. Í þeirri fóru viku börnin meðal annars í dýrabingó, skelltu sér í Húsdýragarðinn og fóru í sund. Hápunktur vikunnar var hins vegar sveitiferð á Bjarneyjarsand. Þar skemmtu börnin sér konunglega og fengu að sjá og kynnast öllum dýrunum í sveitinni. Sum börnin sungu „Hani, krummi, hundur, svín“ enda átti það vel við í þessari ferð því öll dýrin í laginu eiga heima í sveitinni. Í fjósinu mátti finna nýfædda kiðlinga og á ströndinni mátti finna krabba og kuðunga. Í lok ferðar var haldin grillveisla og fóru börnin sátt og södd heim úr sveitinni eftir yndislegan dag.



Sauðburður í sveitinni. Lömbin vekja ávallt athygli barna.



Börn í sveitiferð á vegum félagsmiðstöðvanna í Breiðholti.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Hvar er Nichole?

Heimkynni mín eru í Breiðholti

Nichole Leigh Mosty er mörgum Breiðhyllingum kunn. Hún starfaði lengi sem leikskólastjóri á Ösp í Breiðholti og hefur starfað fyrir Þjónustumiðstöð Breiðholts þar sem hún hefur einkum sinnt málefnum nýbúa. Hún átti einnig sæti á Alþingi um tíma fyrir flokkinn Bjarta framtíð. Nichole er sjálf nýbúi ef nota má það orð. Hún er fædd í Sturgis í Michigan í Bandaríkjunum fyrir tæpri hálfri öld en flutti til Íslands 1999 og stundaði eftir það nám í kennslufræðum við Háskóla Íslands. Hún ákvað að setjast hér endanlega að fjórum árum síðar en þá var Breiðholt orðið fyrir valinu til búsetu.

Hún hafði einu sinni komið til Íslands með íslenskum eiginmanni sínum sem hún hafði kynnst er hann var við nám vestra. „Mér leist vel á mig. En þegar við vorum flutt og farin að búa hér þá horfði þetta allt öðruvísi við mér. Þetta var ef til vill ekki eins fallegt og skemmtilegt og ég hafi heillast af í stuttri heimsókn. Ég var ekki lengur ferðamaður heldur innflytjandi. Ég kunní ekki tungumálið. Þess vegna voru flestar leiðir lokaðar. Ég ætlaði mér alls ekki að vera lengi og um tíma vorum við að hugsa um að flytja til Bretlands.“ Af því varð þó ekki. Nichole tókst á við krefjandi aðstæður. Lærði tungumálið og lauk háskólanámi.

Veitir fjölmenningssetri Íslands forstöðu

En hvar er Nichole í dag. Hún veitir Fjölmenningssetrinu (MCC) forstöðu. Starfsemi þess nær yfir allt Ísland og hún er með aðsetur á Ísafirði. „Ég fór ein vestur en fjölskyldan er hér



Nichole Leigh Mosty. Myndin er tekin fyrir framan blómabúð í Mjóddinni.

enda föst við nám og störf. Ég er því mikið á ferðinni bæði vegna hennar og einnig vinnunnar. Markmið fjölmennings- og upplýsingamiðstöðvarinnar er að gera öllum einstaklingum kleift að verða virkur meðlimur

í íslensku samfélagi sama hver bakgrunnurinn er eða hvaðan hann kemur. Nichole segir að verkefnið séu næg. Bæði við að byggja stofnunina upp og einnig að takast á við að hún geti rækt hlutverk sitt. Mikilvægt sé að

standa vel við bakið á fólki sem kemur hingað til lands til þess að hefja búsetu og taka þátt í atvinnulífinu. Stuðningur skili sér jafnan í störfum þess á vinnumarkaði og einnig á þjóðfélagslegu sviði. Fólki komi vissulega með misjafnan bakgrunn. Frá ólíkum menningarsvæðum og með ólíka menntun og lífsreynslu. Mikilvægt sé að byggja brú á milli fyrra lífs þess og þess nýja og finna flöt á að fólk þurfi ekki að skilja við uppruna sinn og menningu þótt það tileinki sér nýja í öðrum heimkynnum.

Mikilvægt að ráða fólk af erlendum uppruna í stjórnunarstöður

Nichole segir miklu skipta bæði fyrir Íslendinga og útlendinga búsetta hér á landi að fólk af erlendum uppruna sé ráðið í stjórnunarstöður en ráðning hennar til Fjölmenningssetursins er í annað skiptið sem kona af erlendum uppruna er ráðin til að

stjórna opinberri stofnun hér á landi. Sú fyrsta hafi verið Theresa Guðmundsson Veðurstofustjóri. Nichole segir að um 14% af landsmönnum eigi sé erlendan uppruna. Verkefnið séu ærin: „Það þarf að bæta upplýsingaflæði bæði til innflytjenda og ekki síður til landsmanna um málefni þess fólks sem flyst hingað til lands. Reyna að vinna í því að upplýsa fólk hver staðan er meðal okkar sem búum á Íslandi sem erum af öðrum uppruna. Í störfum mínum í Breiðholti hef ég tekið þátt í þessu starfi og nýt reynslu þaðan. Í Breiðholti er eitt stærsta fjölmenningsfélög á landinu.“ En er Nichole horfin úr Breiðholti. „Nei alls ekki. Ég er á þeytingi meðan ég sinni þessu starfi en Breiðholtíð er og verður byggðin mín. Þegar ég ákvað að setjast að hér á landi ákvað ég að verða einnig Breiðholtsbúi. Ég sé ekki eftir því. Nei – ég er ekki á förum frá Breiðholti. Þar eru heimkynni mín í dag.“

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

UNGLINGALANDSMÓT

Selfossi um verslunarmannahelgina 2021

Íþrótt- og fjölskylduhátíð

Íþróttir á daginn

Tónleikar á kvöldin

7.900 kr
Eitt verð fyrir
allar greinar
Tjaldstæði innifalið

Allt á
ulm.is

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Sumarstarfið fer vel af stað

Við höfum hvatt til samveru og þátttöku foreldra í fyrri þístlum okkar um frístundir í Breiðholti í aðdraganda sumars og viljum gera það áfram. Mikil gróska er í öllu starfinu í Breiðholti og skráningar á námskeið félaga og frístundaaðila hefur aldrei verið betri en í sumar. Mótahald íþróttafélaganna hefur náð að komast á flug eftir Covid-hömlur og má sjá mikinn áhuga foreldra á þessum viðburðum og þátttöku þeirra sem er vel í anda þess sem við hövöttum til í júní.

Margir viðburðir og mót eru í júlí og ágúst og er útivist og hreyfing margra efst á baugi, en mikilvægt er að foreldrar hugi að því að hafa börn og unglíngla með, því eins og við höfum svo oft bent á er mikilvægasta hvatningin sem kemur frá foreldrum/forráðamönnum.

Nú í júlí er að fara af stað stærsta mót fyrir stelpur sem haldið hefur verið á Íslandi, Síamót Breiðabliks. Yfir 3000 stelpur á aldrinum 5-12 ára mæta í Kópavoginn að keppa og skemmta sér við knattspyrnuíðkun og áætlað er að milli 8 og 9 þúsund manns verði saman komin að styðja við þær. Í ljósi þess að hallað hefur á stelpur í keppnisíþróttum, er fjölda varðar, er það afar ánægjulegt að stærsta mótið er fyrir þær. Einnig er það ánægjulegt að aðstandendur styðji við þær með slíkum hætti eins og á þessu móti, því það hallar einnig á stelpur er það varðar.

Nú í aðdraganda hásumars er vert að benda á að margir aðrir viðburðir verða sem hægt er að gera saman, Reykjavíkumaraþon og svipaðir viðburðir sem ákveðið hefur verið að halda. Þá í ljósi þess að það er hægt. Börn og fullorðnir geta verið saman á þessum viðburðum. En það er einnig mikilvægt að vera saman og upplifa Ísland og náttúru þess, eins og sagt er í leikskólunum; upplifa og njóta. Heilsueflingin felst jú í að efla andann líka.

Að lokum viljum við einnig benda á að enn er hægt að skrá á námskeið seinnipart sumars, bæði hjá íþróttafélögum og í frístund, sjá á www.fristund.is.

Enn er nóg eftir af sumri og nýtum það vel!

Jóhannes Guðlaugsson.

Verkefnistjóri hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts.



Jóhannes Guðlaugsson.

Getraun nr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Tveir Leiknismenn í úrvalsliðið

Leiknismennirnir Brynjar Hlöðversson og Sævar Atla Magnússon eru í úrvalsliði fyrri hluta Pepsi Max-deildarinnar hjá vefmiðlinum 433.is.

Nýjasta stjarna Íslendinga, Brynjar Ingi Bjarnason, er í vörninni. Hann hefur verið frábær með KA í sumar. Hann var verðlaunaður með sínum fyrstu A-landsleikjum í kringum síðustu mánaðarmót. Með honum í vörninni er

reynsluboltinn Kári Árnason hjá Víkingi og einnig Brynjar Hlöðversson hjá nýliðum Leiknis.

Þá var Sævar Atli Magnússon valinn besti leikmaður 10. umferðar Pepsi Max-deildarinnar af Morgunblaðinu en hann skoraði bæði mörkin í 2-1 sigrinum gegn Víkingi.

Sævar, Binni og Guy Smit voru allir í liði umferðarinnar hjá Fótbolta.net og Siggí Höskulds var valinn þjálfari umferðarinnar.



Sævar Atli Magnússon fagnar marki í sumar.



Brynjar Hlöðversson.

Leiknir með sannfærandi sigur

Leiknismenn höfðu betur á móti Stjörnumönnum 2:0 í 13. umferð úrvalsdeildar á mánudaginn sl. Bæði mörk Leiknismanna komu í fyrri hálfleik. Það var Sævar Atli Magnússon, fyrirliði Leiknismanna, sem náði að skora fyrsta markið strax á 6. mínútu, eftir að Andrés Manga Escobar, kantmaðurinn snöggi átti fína fyrirgjöf inn í teiginn. Þar var Sævar Atli réttur maður á réttum stað, og skoraði þar með sitt tíunda mark í sumar.

Hjalti Sigurðsson, sem kom nýlega til liðsins frá KR, bæti við öðru marki Leiknis á 27. mínútu með laglegum skalla sem rataði fram hjá Haraldri Björnssyni í markinu.

Leiknismenn héldu sig eftir seinna markið til baka og treystu á skyndisóknir til þess að refska Stjörnunni enn frekar. Á 40. mínútu urðu Leiknismenn hins vegar fyrir nokkru áfalli þegar Andrés Manga Escobar, sem hafði verið líflægur allan leikinn virtist tagna í læri eftir eina slíka skyndisókn, en Árni Elfar Árnason náði að fylla hans skarð vel.

Leiknismenn eru í 6. sæti deildarinnar með 17 stig eftir 13 leiki.



Sævar Atli Magnússon hefur skorað tíu mörk fyrir Leikni í sumar.

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur



GETRAUNANÚMÉR
LEIKNIS ER 109

1X2

GETRAUNIR.IS



www.leiknir.com

T&G

Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◇ Office 365 þjónusta
- ◇ Gagnabjörgun og afritun
- ◇ Umsjón tölvukerfa
- ◇ Vefsíðugerð og umsjón
- ◇ Tölvuviðgerðir
- ◇ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Vigfús Þorsteinsson formaður ÍR



Silfurmerkishafar ÍR.

Vigfús Þorsteinsson er nýr formaður aðalstjórnar ÍR. Hann tók við formennskunni af Ingigerði Guðmundsdóttur sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu eftir fimm ára skeið sem formaður og samfleytt átta ára setu í aðalstjórn.

Vigfús er ÍR-ingum vel kunnur en hann hefur verið tengdur félaginu í hartnær 40 ár sem iðkandi, leikmaður, foreldri, þjálfari, stjórnarmeðlimur handknattleiksdeildar og margt fleira. Enn fremur hefur Vigfús langa reynslu af starfsemi íþróttahreyfingarinnar í landinu og er því ýmsum hnútum kunnugur þegar kemur að málum íþróttafélagsins.

Nokkuð var um mannbreytingar í aðalstjórn félagsins þar sem sex nýir einstaklingar tóku sér sæti í aðalstjórn fyrir aðra sex sem stigu út. Að frátöldum fyrri formanni félagsins formanni félagsins horfu þau Reynir Leví Guðmundsson gjaldkeri, Sigurður Albert Ármannsson ritari, Addy Ólafsdóttir varaformaður, Rúnar G. Valdimarsson stjórnarmeðlimur og Kristín Steinunn Birgisdóttir stjórnarmeðlimur úr stjórninni. Nýir meðlimir í aðalstjórn ÍR eru þau Ólafur Gylfason, Hlynur Elísson, Auður Sólrún Ólafsdóttir, Guðmundur Óli Björgvinsson og Lilja María Norðfjörð. Lisa Björg Ingvarsdóttir situr einnig áfram í aðalstjórn ÍR frá síðasta ári.

5. flokkur kvenna á TM móti í Vestmannaeyjum

5. flokkur kvenna ÍR tók þátt á TM mótinum sem haldið er í Vestmannaeyjum ár hvert. ÍR sendi yfir 30 stelpur í 3 liðum á mótið og var spilað frá fimmtudegi fram til laugardags. Liðin stóðu sig gríðarlega vel og náðu öll liðin upp flottu spili og var liðsheildin til fyrirmyndar.

Á föstudeginum fór fram leikur Pressuliðs og Landsliðsins á Hásteinsvelli og keppti hún Margrét Björt Magnúsdóttir fyrir hönd ÍR í leiknum. ÍR ingar fylltu nær fjórðung stúkunnar á leiknum og var stuðningurinn og samheldnin í hópnum til fyrirmyndar.

ÍR 1 keppti um Bergsbikarinn gegn Breiðablik á laugardeginum og endaði í 2. sæti eftir hetjulega baráttu. ÍR 1 hafði ekki fengið á sig mark frá fyrsta degi mótsins og því haldið hreinu 6 leiki í röð áður en að kom að úrlitaleiknum.

ÍR 2 keppti gegn Fram um stígangabikarinn og bar sigur af hólmi eftir að hafa farið taplaust í gegnum 5 leiki í röð á mótinu. Verðskuldaður sigur og fóru ÍR-ingar heim með bikarinn í ár.

ÍR 3 vann öflugan 1-0 sigur gegn ÍBV í lokaleik dagsins þar sem markvörður ÍR bjargaði á marklínu á síðustu sekúndum leiksins. ÍR 3 vann alla sína leiki 3-0 á föstudeginum og spilaði frábæran fótbolta.

Í heildina var mótið í ár vel heppnað að öllu leiti og voru þjálfara 5.fl kvenna ÍR mjög stoltir af stelpunum

eftir mótið. Framtíðin er því björt í breiðholtinu og má segja að spennandi tímar séu fram undan.



Liðsmýnd ÍR 1.



Lið ÍR 2 vann Stígangabikarinn.



Liðsmýnd ÍR 3.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Guðni Valur og Snæfríður keppa á Ólympíuleikunum



Guðni Valur Guðnason kringlukastari.

Kringlukastarinn Guðni Valur Guðnason hefur fengið staðfestan keppnisrétt inn á Ólympíuleikana í Tókýó. Guðni verður eini íslenski keppandinn í frjálsíþróttakeppni leikanna. Alþjóða frjálsíþróttasambandið hefur staðfest keppendalistann fyrir Ólympíuleikana og miðað við þau gögn lítur út fyrir að Guðni Valur verður eini íslenski keppandinn í frjálsíþróttum á Ólympíuleikunum í Tókýó. Þetta verða aðrir Ólympíuleikar Guðna Vals.

Síðustu ár hefur Ísland átt kvóta fyrir einn karl og eina konu í frjálsíþróttakeppni Ólympíuleikanna. Þeim reglum hefur hins vegar verið breytt núna og því á Ísland ekki rétt á kvótasæti fyrir konu að þessu sinni. Guðni Valur vann sér inn keppnisréttinn í gegnum stöðu á heimslista. 32 bestu kringlukastarar heims þó aldrei fleiri en þrjár frá hverju landi fengu keppnisrétt í kringlukastinu. Þó Guðni Valur hafi ekki náð Ólympíulágmarkinu var hann í 30. sæti á Ólympíulistanum og fær því keppnisrétt í Tókýó. Leikarnir í Tókýó verða aðrir Ólympíuleikar Guðna Vals. Hann var einnig meðal keppenda í Ríó de Janeiro í Brasilíu árið 2016. Guðni Valur er Íslandsmethafi í kringlukasti. Ísland hefur ekki átt færri keppendur í frjálsíþróttum á Ólympíuleikum síðan á leikunum í Stokkhólmi 1912. Þá sendi Ísland í fyrsta sinn keppanda til þátttöku í frjálsíþróttum þegar Jón Halldórsson atti kappi í 100 metra hlaupi. Guðni Valur er þriðji Íslendingurinn sem fær staðfestan keppnisrétt inn á Ólympíuleikana í sumar. Áður höfðu sundkappinn Anton Sveinn McKee tryggt sér þátttökurétt í 200 m bringusundi og skyttan Ásgeir Sigurgeirsson í loftskammbyssuskotfimi af 10 m færi. Sundkonan Snæfríður Sól Jörunnardóttir synti í byrjun mars undir B-lágmarki í 200 metra skriðsundi fyrir Ólympíuleikana sem mun færa henni keppnisrétt í Tókýó. Snæfríður Sól mun synda í undanrásum 200 metra skriðsunds þann 26. júlí og undanrásum 100 metra skriðsunds þann 28. júlí.

HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is



VILTU VINNA
MILLJÓN?



Kauptu tvo poka af Nóa Kroppi, taktu mynd af kvittuninni og sendu okkur á leikur@noi.is eða á facebook síðuna okkar. Þú gætir unnið milljón í reiðufé!

Nóa kropp, bragðast eins og milljón!


NÓI SÍRÍUS